

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkurborgar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Iðnskólans í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins nam við stofnun hans 1993 kr. 427.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti af skólagjöldum, samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990, en auk þess gjafir til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að kaupum á búnaði, rekstri og öðru því sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta. Meðal annars hefur sjóðurinn það verkefni að stuðla að menningarstarfi í skólanum og námsferðum nemenda.

Vöxtum og öð. um tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Skólameistari sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta skólanefndar.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Hún kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 3. febrúar 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans við Hamrahlíð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans við Hamrahlíð.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti af skólagjöldum samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990, en auk þess gjafir til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Rektor, formaður skólanefndar og fulltrúi tilnefndur af skólanefnd.